

Fundargerð

39. fundur Erfðanefndar landbúnaðarins
Haldinn á Keldnaholti 11. maí 2022 kl. 13:00 – 15:30

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Steinunn Garðarsdóttir (SG). Leó Alexander Guðmundsson (LAG) Járngerður Grétarsdóttir (JG). Þorvaldur Kristjánsson boðaði forföll.
Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna á fund

1. Samþykkt dagskrár
Dagskrá var samþykkt án athugasemda
2. Fundargerð frá síðasta fundi nefndarinnar
Fundargerð frá 38. fundi nefndarinnar samþykkt
3. Staða mála frá síðasta fundi nefndarinnar
 - Halldór skýrði frá því að ráðuneytið væri að vinna að leiðréttingu á fyrri hluta framlags til nefndarinnar fyrir árið 2022, þar sem ekki hafði verið gert ráð fyrir verðlagsbreytingum.
 - Halldór og Birna sóttu fund hjá húsdýraráði Nordgen í apríl sem haldin var rafrænt. Á fundinum var m.a. rædd sú hugmynd að stofna sameiginlegan genbanka fyrir húsdýr á Norðurlöndunum. Verkefnið „ Native Horse Network“ er farið af stað og eru markmiðin með verkefninu að skoða erfðabreytileika og skyldleikarækt innan og milli hrossakynja á Norðurlöndunum, fulltrúi Íslands er Þorvaldur Kristjánsson og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir til vara.
 - Viðtal var við Halldór á RÚV í þættinum Síðdegið um málefni erfðanefndar landbúnaðarins þann 28. mars s.l.

4. Rekstur 2021 og drög að áætlun fyrir 2022

Erfðanefnd landbúnaðarins 2021	
Rekstraryfirlit 1.1.2021 -31.12.2021	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2021	3.922.893
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR fyrri hluti	6.219.942
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR seinni hluti (áætlað)	1.560.102
Samtals	11.702.937
Gjöld:	
Lbhí v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir 75%	2.529.750
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	75.256
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	126.885
Eftirstöðvar styrks App um húsdýr/Sigurður Már Harðarson (2018)	150.000
Eftirstöðvar styrks Christina Joensen (2018)	175.000
Heimasíða erfðanefndar Sigmundur Brink	650.000
Samtals	7.678.891
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	840.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2021	843.250
	2.108.250
Eigið fé:	
Rekstrarafgangur 31.12.2021	4.024.046
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2021	4.024.046
Eigið fé að frádrögnum skuldbindingum	1.915.796

Rekstur ársins 2021 var samþykktur

5. Styrkir 2022

Fjórar umsóknir bárust um styrki

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð sem sótt var um	Afgreiðsla
Álfsól Lind Benjamínsdóttir	Inoculation with industrialized mycorrhiza powder in a forest plant nursery: How do inoculation time and fertilization affect inoculation with standard production methods	1.000.000	Hafnað
Heiðrún Sigurðardóttir	Erfðafræðilegur grunnur gangtegunda íslenska hestsins	1.000.000	Samþykkt
Sigurður Már Harðarson	Íslensk búfjárvagn	700.000	Samþykkt
Álfheiður Marinósdóttir o.fl.	Sérstakt suðfé	1.350.000	Hafnað

6. Önnur mál

Rætt var um þátttöku á Hvanneyrar hátíð sem haldin hefur verið í byrjun júlí. Auk þess var rædd sú hugmynd að halda málþing um stöðu íslenskra búfjárstofna með m.t.t. varðveislu og fæðuöryggis til framtíðar á næsta ári.

Afgreiðsla: BKB falið að gera drög að tillögu um efni og fyrirkomulag málþings

7. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verði haldin 19. október 2022 kl. 13 á Kelnaholti